

**Ed. 27. Frumvarp til laga [15. mál]**

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað „togarasjómönnum“ í 1. gr. laganna komi: sjómönnum, — og í stað „togarasjómanna“ komi: sjómanna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip.

3. gr.

Í stað „togarasjómenn“ í 4. gr. laganna komi: sjómenn.

4. gr.

Fyrri málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, annar skal tilnefndur af sjómanna-sambandi Íslands, en hinn þriðji af samtökum skipaútgerðarmanna sameiginlega.

5. gr.

Í stað „35 ár“ í síðustu málsg. 9. gr. laganna komi: 30 ár.

6. gr.

a. 3. málgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem skráður sjómaður á íslenzku skipi 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári. Hafi sjóðfélagi verið skráður á skip minnst 10 mánuði á tveimur árum, telst það eitt ár samkv. grein þessari. Orlofs- eða veikindatími dregst ekki frá starfstíma.

b. Í stað „togarasjómanna“ í síðustu málgr. sömu lagagreinar komi: sjómanna.

7. gr.

Í stað „togara“ í fyrstu og síðustu málgr. 12. gr. laganna komi: skipi.

8. gr.

Í stað „togara“ í síðari málgr. 14. gr. laganna komi: skipi.

9. gr.

Í stað „togara“ í síðari málgr. 16. gr. laganna komi: skipi.

10. gr.

Í stað „togarasjómanna“ í fyrri málgr. 17. gr. laganna komi: sjómanna.

11. gr.

Í stað „togara“ í bráðabirgðaákvæði laganna komi alls staðar: skipi.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um lífeyrissjóð sjómanna.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Sjómannasambands Íslands.

Helztu breytingar frv. á lögnum um lífeyrissjóð togarasjómanna eru þær, að í 1.—3. gr. er hér gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðurinn verði fyrir alla sjómenn í stað þess að vera eingöngu fyrir togarasjómenn. 4. gr. felur í sér þá breytingu, að í stað þess, að Alþýðusamband Íslands tilnefni mann í stjórn sjóðsins, tilnefni Sjómannasamband Íslands einn fulltrúa og þriðji maður í stjórn sjóðsins verði tilnefndur af skipaútgerðarmönnum sameiginlega í stað Félags ísl. botnvörpuskipa-eigenda áður. Efní 5. gr. er nánast leiðrétting á lögnum. Alþingi gerði þá breytingu frá frv. að ákveða 30 ára greiðslutíma í stað 35 ára, en sézt hefur yfir að breyta 9. gr. laganna til samræmis.

Eins og að framan segir, voru samþykkt á síðasta Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, og munu flestir sammála um, að setning þeirra laga hafi verið fullkomlega réttmæt og nauðsynleg. Höfuðrökin fyrir setningu þessara laga voru þau, að með gildistöku þeirra væri sjósókn gerð eftirsóknarverðara starf en áður hvað öryggi og hlunnindi snertir. En tilfinnanlegur og stórkostlega alvarlegur skortur hafði þá reynzt vera um nokkurt skeið á mönnum til þessara mikilvægu starfa fyrir þjóðfélag, sem byggir útflutningsverzlun sína að 95% á fiskafurðum.

Síðan fyrrnefnd lög voru sett, hefur það gerzt, að Sjómannafélag Reykjavíkur hefur samið um, að lífeyrissjóðum verði komið á fyrir farmenn (á strandferða- og verzlunarflotanum) frá næstu áramótum að telja. Í hópi sjómanna er þá aðeins eftir einn flokkur þeirra, þ. e. vélbátasjómenn.

Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun Sjómannasambands Íslands og flutningsmanns, að útilokað sé að gera upp á milli hinnar íslenzku sjómanna-stéttar varðandi hlunnindi þau, er lífeyrissjóðir eru, einungis eftir því, hvar sjómenn inna mikilvæg skyldustörf sín af hendi. Með frv. þessu er því gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðurinn verði einnig fyrir bátasjómenn.

Þá þykir það einnig eðlileg afleiðing, að í stað þess, að margir lífeyrissjóðir verði fyrir sjómenn á farskipaflotanum, verði farmenn einnig í lífeyrissjóði sjómanna sem heild.

Þá þykir og rétt, að skyldan til þess að vera í sjóðnum og greiða til hans sé bundin því, að sjómaður sé skráður á skip.